

STJÓRNARTÍÐINDI B 9 — 1985

27. febrúar 1985

221

Nr. 103

AUGLÝSING

um afnotagjöld Ríkisútvarpsins.

Afnotagjöld Ríkisútvarpsins fyrir fyrri helming ársins 1985, með gjalddaga 1. mars n. k., hafa verið ákveðin sem hér segir:

Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í lit	2 650	kr.
Afnotagjald Ríkisútvarpsins fyrir móttöku sjónvarps í svart/hvítu	2 100	
Hljóðvarpsgjald (þ. e. ef greitt er af hljóðvarpi eingöngu)	660	

Menntamálaráðuneytið, 27. febrúar 1985.

Ragnhildur Helgadóttir.

Þórunn J. Hafstein.

26. febrúar 1985

Nr. 104

AUGLÝSING

um gjaldskrá fyrir auglýsingar í Ríkisútvarpinu.

I. Hljóðvarp (miðað er við krónur fyrir hvert orð).

Flokkur 1.	kr.
Dánartilkynningar og jarðafarir, tapað — fundið	20,00
Flokkur 2.	
Messur, góðgerðarstarfsemi	35,00
Flokkur 3.	
Opinberar tilkynningar, auglýsingar um fundahöld. Kvikmynda- og leiksýningar. Auglýsingar um verslun og viðskipti, sem lesnar eru kl. 09.30 og kl. 16.00	60,00
Flokkur 4.	
Auglýsingar um verslun og viðskipti, lesnar fyrir kvöldfréttir	75,00
Flokkur 5.	
Allar auglýsingar og tilkynningar, hvers efnis sem er, lesnar eftir kvöldfréttir og auglýsingar um verslun og viðskipti lesnar á samt. rásum	150,00

B 19

Ríkisprentsmiðjan Gutenberg

II. Hljóðvarp (miðað er við krónur fyrir sekúndur).

—Rás 2—

Flokkur 1.

Á daginn og fimmtudagskvöldum kr. 150,00

Flokkur 2.

Næturútvarp 100,00

III. Sjónvarp (miðað er við krónur fyrir sekúndur).

	kr.
7 sek	4 870,00
10 sek	7 550,00
15 sek	9 460,00
20 sek	11 710,00
25 sek	13 200,00
30 sek	14 710,00
35 sek	17 160,00
40 sek	18 720,00
45 sek	20 080,00
50 sek	22 270,00
55 sek	24 530,00
60 sek	26 770,00

Gjaldskrá þessi gildir frá 1. mars 1985, þar til öðruvísi kann að verða ákveðið.

Menntamálaráðuneytið, 26. febrúar 1985.

F. h. r.

Knútur Hallsson.*Pórunn J. Hafstein.***AUGLÝSING****um ábyrgðartryggingar ökutækja.**

1. gr.

Samkvæmt heimild í 3. málsg. 70. gr. umferðarlaga nr. 40 23. apríl 1968, sbr. lög nr. 65 16. maí 1978, er ákveðið, að váttryggingarfjárhæðir ábyrgðartrygginga ökutækja samkvæmt 1. og 2. málsg. 70. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 31 22. maí 1980, skuli vera kr. 25 400 000,00 fyrir hvert vélknúið ökutæki, sem flytja má fleiri farþega en tíu og kr. 12 700 000,00 fyrir önnur ökutæki.

2. gr.

Samkvæmt heimild í 1. málsg. 73. gr. umferðarlaga, sbr. lög nr. 16 30. apríl 1982, er ákveðið, að eigin áhætta þess, sem fébótaábyrgð ber á tjóni samkvæmt 69. gr. umferðarlaga, skuli vera kr. 4 500,00, ef tjónið nemur þeirri fjárhæð, en ella ber hann ábyrgð á tjóninu að fullu.

3. gr.

Ákvæði auglýsingar þessarar gilda frá 1. mars 1985. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 133 8. mars 1984 um ábyrgðartryggingar ökutækja.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 22. febrúar 1985.***Jón Helgason.***Ólafur W. Stefánsson.*